



# ***Reglugerð Orlofssjóðs AFLs Starfsgreinafélags***

## Efnisyfirlit

<i>Reglugerð Orlofssjóðs AFLs Starfsgreinafélags</i> .....	1
1. gr. Nafn sjóðsins .....	3
2. gr. Tilgangur sjóðsins .....	3
3. gr. Tekjur sjóðsins.....	3
4. gr. Stjórn sjóðsins og hlutverk hennar .....	3
5. gr. Greiðslur úr sjóðnum .....	3
6. gr. Endurskoðun.....	3
7. gr. Varsla á fjármunum sjóðsins .....	3
8. gr. Breytingar á reglugerð.....	3

## 1. gr. Nafn sjóðsins

Heiti sjóðsins er Orlofssjóður AFLs Starfsgreinafélags og er eign AFLs Starfsgreinafélags. Heimili hans og varnarþing er í Fjarðabyggð.

## 2. gr. Tilgangur sjóðsins

Tilgangur sjóðsins er að auðvelda félagsmönnum AFLs Starfsgreinafélags að njóta orlofs, koma upp og reka orlofshús og orlofsíbúðir fyrir félagsmenn og fjölskyldur þeirra og styrkja félagsmenn til orlofsdvalar.

## 3. gr. Tekjur sjóðsins

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Samningsbundin gjöld atvinnurekenda til sjóðsins
- b) Vaxtatekjur
- c) Leigugjöld af orlofshúsum og orlofsíbúðum
- d) Annað ófyrirséð

## 4. gr. Stjórn sjóðsins og hlutverk hennar

Á aðalfundi félagsins, ár hvert, skal kjósa þriggja manna stjórn, er fari með málefni orlofssjóðs. Kjósa skal tvo varamenn á sama hátt. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnin skal gera tillögur um hvernig fé sjóðsins skuli varið. Úthluta félagsmönnum orlofsdvöl í orlofshúsum félagsins og beita sér fyrir því að félagsmenn njóti orlofs síns t.d. með sameiginlegum ferðalögum, sem orlofssjóður kostaði eða tekur þátt í að greiða. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að standa fyrir orlofsferðum eldri félagsmanna. Stjórn sjóðsins er heimilt að hafa samvinnu við önnur stéttarfélag um úthlutun orlofshúsa og önnur þau mál er varða starfsemi orlofssjóða stéttarfélaganna.

## 5. gr. Greiðslur úr sjóðnum

Allar greiðslur úr sjóðnum aðrar en þær er varða daglegan rekstur hans, rekstrargjöld orlofshúsa/íbúða, leigu orlofshúsa í eigu annarra og/eða til annarrar venjubundinnar starfsemi á vegum sjóðsins, skulu háðar samþykki félagsstjórnar. Á þetta einkum við um greiðslur sem ekki hafa áður verið hluti af hefðbundinni starfsemi sjóðsins, eða ef upphæðir teljast umtalsverðar miðað við þá starfsemi sem er á vegum hans á hverjum tíma. Stjórn félagsins skal ákveða hver verði hlutfallsleg þátttaka sjóðsins í rekstrarkostnaði félagsins.

## 6. gr. Endurskoðun

Endurskoðendur sjóðsins skulu vera þeir sömu og endurskoðendur félagsins, reikningar birtir með félagsreikningi og bornir upp á aðalfundi til samþykktar.

## 7. gr. Varsla á fjármunum sjóðsins

Stjórn félagsins annast vörslu sjóðsins, á sem tryggilegastan máta, er tryggi verðgildi og ávöxtun hans.

## 8. gr. Breytingar á reglugerð

Breytingar á reglugerð þessari má aðeins gera á aðalfundi félagsins, með samþykki 2/3 hluta atkvæða. Slíkrar tillögu skal getið í fundarboði.

Þannig samþykkt á stofnfundi 28. apríl 2007.